

ANDLIT OG NÁTT- ÚRUHRIF

Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Íslands í dag.

Annars vegar gefst fólki kostur á að sjá Andlit að austan, teikningar Jóhannesar S. Kjarvals af austfirsku bændafólki, hins vegar Náttúruhrif sem byggist á verkum þekktra afstraktlistamanna sem unnið hafa út frá hughrifum frá náttúrunni.

Í EIGU Listasafns Íslands eru 53 andlitsteikningar eftir Jóhannes S. Kjarval, sem hann gerði á árinu 1926. Myndflokkurinn í heild sinni skipar sérstakan sess í íslenskri listasögu og er mikilvægur kaflí í ævistarfi Kjarvals. Myndirnar eru innbyrðis um margt ólíkar hvað varðar tæknilega útfærslu, en sýna vel fágæta færni hans sem teiknara og bera með sér sterkt sálfræðilegt innsei. Þegar Kjarval gerði þennan flokk mynda á árinu 1926 voru átta ár liðin frá því að hann lauk formlegu námi sínu við Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Allt frá námsárum sínum lagði Kjarval ríka stund á gerð andlitsmynda og frá dvöl hans á Ítalíu árið 1920 er varðveittur fjöldi andlitsmynda,

bæði teikningar og vatnslitamyndir, sem hann sýndi á einkasýningu í Kaupmannahöfn árið 1920.


Það var fyrir afstraktur þessarar sýningar sem Kjarval var kleift að fara til Parísar og dvelja þar í nokkra mánuði á árinu 1928. Kynni hans af franskri list voru mikilvæg fyrir þann tíma sem síðar fór í hönd, en það var árið 1929, sem hann hóf að mála á Þingvöllum og markar það upphafið að margbreytilegri landslagstúlkun hans. Sýningin í Listasafni Íslands ber heitið Andlit að austan og skírskotar til þess að hann gerði þessar teikningar af fólki á æskustöðvum sínum á Borgarfirði eystra. Hann sýndi þær í Reykjavík árið 1927 og í umsögnum



MARGRÉT Jóhannesdóttir, 1926.




UNG stúlka, 1926.



HÖGNI Guðmundsson, Bakkagerði, 1926.


um sýninguna er farið lofsamlegum orðum um teikningarnar. Halldór Kiljan Laxness skrifar í Alþýðublaðið 22. janúar 1927: „Vinnubrögðin í andlitsmyndunum eru einnig sérstaklega eftirtektarverð. Þau votta skilning hámenntaðs listamanns á íslenskri náttúru, íslenskum kjörum og íslenskri sál betur en hægt er í nokkrum skáldskap.“

Í Morgunblaðinu 14. janúar 1927 má lesa m.a. eftirfarandi eftir Valtý Stefánsson ritstjóra blaðsins: „Eru andlitsteikningar þessar svip- og þróttmiklar og gerðar með lifandi skilningi á svipbrigðum og sálarlífi vinnulúinna eljumanna – er óhætt að fullyrða að teikningar þessar eru með því besta, sem Kjarval nokkru sinni hefir gert.“ Nýstofnað Menntamálaráð, sem annaðist innkaup fyrir Listasafn Íslands samkvæmt lögum frá 1928 keypti þær allar, 50 að tölu, fyrir 5.000 kr. eða 100 kr. hverja mynd. Auk þess eru á sýningunni þrjár teikningar keyptar 1927 og ein mynd sem var gefin safninu síðar.



GULLFJÖLL (1946) eftir Svavar Guðnason.

„PAR rauður loginn brann“ (1963) eftir Eirík Smith.



NÁTTÚRUHRIF – ÍSLENSK NÁTTÚRA Í AFSTRAKTLIST EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

VERKIN á sýningunni eru úr eigu Listasafns Íslands. Verkin eru eftir marga þekktustu afstraktlistamenn landsins sem gjarna hafa unnið út frá hughrifum frá náttúrunni. Sýnd verða verk eftir m.a.: Einar Þorláksson, Eirík Smith, Guðmund Benediktsson, Hjörleif Sigurðsson, Hörð Ágústsson, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson, Nínu Tryggvadóttir, Ragnheiði Jónsdóttir Ream, Steinhórn Sigurðsson, Svavar Guðnason og Valtý Pétursson.

Sýningin Náttúruhrif í Listasafni Íslands er á verkum úr eigu safnsins eftir þá kynslóð íslenskra afstraktnárlara er á það sammerkt að tjá í verkum sínum upplifun íslenskrar náttúru með einum eða öðrum hætti. Brautryðjandi þessa straums í íslenskri myndlist er ótvírætt Svavar Guðnason, og á hann elstu verkin á sýningunni frá 1945. Annar forvígismaður þessarar listar er Kristján Davíðsson, sem markaði viss tímamót með uppgjöri sínu við strangflatarlistina á sýningu í Bogasalnum 1957. Í kjölfarið

koma Nína Tryggvadóttir og fleiri listamenn sem höfðu mótast af skóla hinar hreinu afstraktlistar en sneru nú við henni baki. Má þar nefna Ásgerði Búadóttur, Benedikt Gunnarsson, Eirík Smith, Hafstein Austmann og Valtý Pétursson. Þá eru á sýningunni verk eftir þá Hörð Ágústsson og Hjörleif Sigurðsson, sem báðir leystu upp form og liti í verkum sínum á sjöunda áratugnum eftir að hafa verið skeleggustu forvígismenn strangflatarlistarinnar hér á landi um árabil.

Í kynningu um sýninguna Náttúruhrif – Íslensk náttúra í afstraktlist eftirstríðsáranna í Listasafni Íslands segir ennfemur: „Þótt uppgjör þessara málara við formfestu og reglufestu strangflatarmálverksins sé oft á ólíkum forsendum, þá eiga þeir það sameiginlegt að snúa baki við þeirri grundvallarhugmynd að litir og form hafi sjálfstætt sjónrænt gildi án nokkurrar tilvísunar í hlutveruleikann og reynslu okkar af honum. Draumurinn um hið hreina form hafði vikið fyrir hinni sterku upplifun náttúrunnar.“